

sjálfra. Það af fje sjóðsins, sem ekki er í útlánunum, skal stjórnin ávaxta í banka eða sparisjóði.

11
16. mars

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa jafnan sömu menn og eru í stjórn Búnaðarfjelags Garða- og Bessastaðahrepps. Endurskoðendur reikninga sjóðsins skulu vera hinir sömu og kosnir eru til að endurskoða reikninga Búnaðarfjelagsins. Fari svo að Búnaðarfjlagið sje lagt niður, skipa hreppsnefndir Garða- og Bessastaðahrepps sjóðstjórnina eða þeir menn er kunna að koma í stað hreppsnefndanna, sje núverandi sveitarstjórnarfyrikomulagi breytt. Endurskoðendur hreppsreikninga verða þá endurskoðendur reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal leita konungsstaðfestingar á þessari skipulagsskrá.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta.

Jóh. J. Reykdal. Jón H. Þorbergsson. Bjarni Bjarnason.

SAMÞYKT

um

viðauka við áveitusamþykt frá 30. apríl 1918, fyrir Flóaáveitufjelagið.

12
16. mars

Flóaáveitufjelagið hefir samkvæmt lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, gert eftirfarandi samþykt:

1. gr.

Á eftir 18. gr. Flóaáveitusamþyktarinnar 30. apríl 1918 komi ný grein svo hljóðandi:

Áveitufjelagið brúar á sinn kostnað skurði áveitunnar, þar sem þeir liggja gegnum lögvegi og á öðrum þeim stöðum, þar sem framkvæmdarstjóri telur nauðsynlegt að brúa. Viðhald allra brúa annast hlutaðeigandi aðili.

2. gr.

Greinatala áveitusamþyktarinnar breytist samkvæmt þessu.

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum og öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. mars 1925.

Magnús Guðmundsson.

Óddur Hermannsson.